

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi Sólheima, Hrísbú 1.*
Í breytingunni felst að mörkuð er ný lóð fyrir íbúðarhúsið við Hrísbú. Íbúðarhúsið má vera tvær hæðir og heimilt er að byggja allt að 30 m² bílskýli og gróðurhús.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. október 2010.
2. *Deiliskipulag frístundalóða við Setberg í landi Nesja.*
Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir tveimur frístundalóðum þar sem heimilt er að reisa allt að 300 m² frístundahús og allt að 40 m² aukahús. Heimilt er að hafa svefnloft og kjallara undir húsum þar sem aðstæður leyfa.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. október 2010.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 15. febrúar 2011.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.